

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2022, fimmtudaginn 20. október, var haldinn 47. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.04. Fundinn sátu: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Unnur Þöll Benediktsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Anna Kristín Jensdóttir, Hallgrímur Eymundsson, Ingólfur Már Magnússon og Lilja Sveinsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Anna Kristinsdóttir, Bryndís Snæbjörnsdóttir og Valgerður Jónsdóttir. Guðný Bára Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Fjármála- og áhættustýringasviðs dags. 22. september s.l., um umsögn aðgengis- og samráðsnefndar dags. 1. september s.l., varðandi rafræna miðlun greiðsluseðla. FAS22080009.

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðgengis- og samráðsnefnd þakkar fyrir svörin við þeim spurningum sem fyrir henni vöktu. Nefndin fagnar því að hafi verið tekin ákvörðun um að senda út kynningarbréf með leiðbeiningum um hvernig hægt er að óska eftir greiðsluseðlum á pappírformi. Nefndin fagnar því einnig að hægt verði að óska eftir því bæði með símtali og með því að nota vefsvæði Reykjavíkurborgar og öðrum verði mögulegt að hringja inn fyrir hönd einstaklinga. Nefndin ítrekar mikilvægi þess að upplýsingar um breytingarnar berist þeim einstaklingum sem það er nauðsynlegt.

- Kl. 10.08 tekur Hanna Björk Kristinsdóttir sæti á fundinum með rafrænum hætti.

Helga Benediktsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 28. september 2022, þar sem óskað er umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar um tillögu fulltrúa Flokks fólksins í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar. MSS22090063. Frestað.

3. Fram fer kynning umhverfis- og skipulagssviðs á aðgengi á aðkomusvæði á Klambratúni. MSS22100024.

Þórólfur Jónsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið og Marta María Jónsdóttir og Elísabet Guðný Tómasdóttir taka sæti með rafrænum hætti.

4. Fram fer kynning umhverfis- og skipulagssviðs á Hljómskálagarði. MSS22100092.

- Kl. 11.11 tekur Björgvin Björgvinsson sæti á fundinum.

Þórólfur Jónsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið og Marta María Jónsdóttir tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti

5. Kynning á farsældarlögum. MSS22100154. Frestað.

Fundi slitið 11:22

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Unnur Þöll Benediktsdóttir
Ingólfur Már Magnússon
Hallgrímur Eymundsson
Björgvin Björgvinsson

Þorkell Sigurlaugsson
Lilja Sveinsdóttir
Anna Kristín Jensdóttir